

VIÐAUKI

1. Flugleiðir sem heimilaðar eru tilnefndu flugfélagi eða tilnefndum flugfélögum Íslands í báðar áttir:

Reykjavík – Moskva.

2. Flugleiðir sem heimilaðar eru tilnefndum flugfélögum Rússneska sambandsríkisins í báðar áttir:

Moskva – Reykjavík.

3. Réttur tilnefnds flugfélags eða tilnefndra flugfélaga eins samningsaðila til að flytja farþega, farm og póst með einu flugnúmeri milli tveggja staða á yfirráðasvæði ríkis hins samningsaðilans og staða á yfirráðasvæði þriðja aðila skal háður sérstökum samningi milli flugmálayfirvalda samningsaðila.

4. Um flutningsframboð sem tilnefnd flugfélög bjóða skal samið milli flugmálayfirvalda samningsaðila. Tíðni þeirrar þjónustu sem tilnefnt flugfélag eða flugfélög veita skal þó vera nægjanleg til þess að tryggja viðskiptalega hagkvæmni þjónustunnar.

5. Leiguflug, aukaflug og flug utan áætlana eru háð umsóknum fyrirfram af hálfu tilnefnds flugfélags eða flugfélaga. Slík umsókn skal lögð fram í síðasta lagi fjórtíu og átta (48) stundum fyrir brottför, að frátöldum helgum og helgidögum.

ANNEX

1. Routes which may be operated by the designated airline(s) of the Russian Federation in both directions:

Moscow – Reykjavík.

2. Routes which may be operated by the designated airline(s) of Iceland in both directions:

Reykjavík – Moscow.

3. The right of the designated airline(s) of one Contracting Party to carry passengers, cargo and mail on a single flight number between points in the territory of the State of the other Contracting Party and points in the territory of third parties shall be subject to a separate agreement between the aeronautical authorities of the Contracting Parties.

4. The capacity to be provided by the designated airlines shall be agreed upon between the aeronautical authorities of the Contracting Parties. However, the frequency of service offered by a designated airline(s) shall be sufficient to ensure the commercial viability of such service.

5. Charter, extra and non-scheduled flights are subject to prior application by the designated airline(s). This application is to be submitted at least forty-eight (48) hours before departure, excluding weekends and holidays.

AUGLÝSING

um samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um framkvæmd tiltekinna ákvæða um ríkisborgararétt.

Hinn 12. janúar 1999 var danska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um framkvæmd tiltekinna ákvæða um ríkisborgararétt sem gerður var í Kaupmannahöfn 23. október 1998. Samningurinn öðlaðist gildi 26. febrúar 1999.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. febrúar 1999.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR
milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar
um framkvæmd tiltekinna ákvæða um ríkisborgarétt.**

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa orðið ásáttar um framkvæmd ákvæðanna í 10. gr. laga nr. 252 frá 27. maí 1950 um danskan ríkisborgarétt, sbr. lagabirtingu nr. 757 frá 14. september 1995, í 10. gr. laga um finnskan ríkisborgarétt (nr. 401) frá 28. júní 1968 með breytingu að hluta samkvæmt lögum frá 10. ágúst 1984 (584/1984), í 9. gr. b í lögum nr. 100 frá 23. desember 1952 um íslenskan ríkisborgarétt með breytingu samkvæmt lögum nr. 49 frá 11. maí 1982, í 10. gr. laga frá 8. desember 1950 um norskan ríkisborgarétt með breytingu samkvæmt lögum frá 20. desember 1968, og í 10. gr. laga frá 22. júní 1950 (nr. 382) um sænskan ríkisborgarétt sem síðast var breytt með lögum frá 30. maí 1991 (nr. 501).

1. gr.

Pegar beitt er 3. gr. í dönsku, íslensku, norsku og sænsku ríkisborgaréttarlögunum og 5. gr. í finnsku ríkisborgaréttarlögunum skal meta lögheimili í öðru samningsríki til jafns við lögheimili í því ríki sem aðili óskar eftir að öðlast ríkisborgarétt í, þó þannig að aðeins skal telja þann tíma sem lögheimili er skráð síðustu 5 ár áður en ósk er borin fram og áður en aðili sem ríkisfangs óskar náði 16 ára aldri.

2. gr.

Pegar beitt er 4. gr. í dönsku, íslensku, norsku og sænsku ríkisborgaréttarlögunum og 6. gr. í finnsku ríkisborgaréttarlögunum skal meta lögheimili í öðru samningsríki til fullnaðs 12 ára aldurs til jafns við lögheimili í því ríki sem aðili óskar eftir að öðlast ríkisborgarétt í.

3. gr.

Ekki skal beita ákvæði 1. mgr. 8. gr. í dönsku, íslensku, norsku og sænsku ríkisborgaréttarlögunum og ákvæði 1. mgr. 8. gr. b í finnsku ríkisborgaréttarlögunum gagnvart þeim sem átt hefur lögheimili samanlagt í minnst 7 ár í öðru samningsríki.

4. gr.

Sá sem er ríkisborgari í einhverju samningsríki getur öðlast ríkisborgarétt í öðru samningsríki með því að tilkynna skriflega þá ósk sína til þess yfirvalds sem viðkomandi ríki tiltekur enda hafi hann

- 1) öðlast ríkisborgarétt í fyrrnefndu ríki með öðrum hætti en með lögum, leyfi eða samsvarandi hætti,
- 2) náð 18 ára aldri,
- 3) átt lögheimili í samningsríkinu síðustu 7 árin, og
- 4) ekki á því tímabili verið dæmdur til refsivistar eða til að sæta öðrum viðurlögum sem samkvæmt lögum þess ríkis eru í þessu tilliti lögð að jöfnu við refsivist.

Pegar beitt er ákvæðinu í 1. tl. 1. mgr. telst sá, sem öðlast hefur ríkisborgarétt við að annað foreldra hans hefur öðlast ríkisborgarétt með lögum, leyfi eða samsvarandi hætti, einnig hafa öðlast ríkisborgarétt með þessum hætti.

Pegar beitt er ákvæðinu í 3. tl. 1. mgr. getur sérhver aðili ákvæðið skemmri lögheimilistíma en þó ekki skemmri en 5 ár.

5. gr.

Ríkisborgari í samningsríki, sem áður hefur átt ríkisborgarétt í öðru samningsríki, öðlast að nýju þann ríkisborgarétt við að gefa skriflega yfirlýsingu til yfirvalds sem ríkið tiltekur eftir að hafa tekið sér lögheimili í því ríki.

Slíka yfirlýsingu er þó því aðeins unnt að gefa að sá sem yfirlýsinguna gefur hafi að staðaldri átt ríkisborgarétt í einu eða fleiri samningsríkjanna eftir að hann missti þann ríkisborgarétt sem hann óskar að öðlast að nýju.

6. gr.

Öðlist ríkisborgari í samningsríki ríkisborgararétt í öðru samningsríki samkvæmt ákvæðum 4. eða 5. gr. öðlast einnig ógift börn hans undir 18 ára aldri þann ríkisborgararétt með því skilyrði að fullnægt sé þeim ákvæðum sem tiltekin eru í ríkisborgararéttarlöggjöf viðkomandi ríkis.

7. gr.

Sérhver aðili skal þegar í stað tilkynna hinum aðilunum þær breytingar á ríkisborgararéttarlöggjöf sinni sem þýðingu hafa fyrir þennan samning. Skulu aðilarnir þá hið fyrsta athuga sameiginlega að hve miklu leyti slíkar breytingar gefa tilefni til breytinga á þessum samningi.

8. gr.

Samningur þessi öðlast gildi þegar liðnir eru 30 dagar frá þeim degi er allir aðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að þeir samþykki samninginn. Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum aðilunum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag er samningurinn öðlast gildi.

Samtímis fellur úr gildi samningur sem gerður var í Kaupmannahöfn 15. janúar 1969 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um framkvæmd tiltekinna ákvæða um ríkisborgararétt, ásamt síðari breytingum sem gerðar voru með samningi sem gerður var í Stokkhólmi 21. október 1977.

9. gr.

Aðili getur sagt upp samningi þessum með því að tilkynna það skriflega til danska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir hinum aðilunum um móttöku tilkynningarinnar og um efni hennar.

Uppsögn gildir aðeins að því er varðar þann aðila sem sagt hefur samningnum upp og tekur hún gildi þegar liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er danska utanríkisráðuneytið fékk í hendur tilkynninguna um uppsögn.

10. gr.

Frumrit þessa samnings skal varðveitt í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur hinum aðilunum í té staðfest eftirrit hans.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn hinn 23. október 1998 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

8. júní 1999

Nr. 9

AUGLÝSING

um samning við Lettland um gagnkvæma eflingu og vernd fjárfestinga.

Samningur milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Lýðveldisins Lettlands um gagnkvæma eflingu og vernd fjárfestinga, sem gerður var í Ríga 11. júní 1998, öðlaðist gildi 1. maí 1999. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 8. júní 1999.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.